

Aðgengi fullorðinna að námi á framhaldsskólastigi: Stofnana- og aðstæðubundnar hindranir á menntavegi

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvaða hindranir mæta fullorðnu fólki sem hefur hug á að ljúka námi á framhaldsskólastigi. Tekin voru viðtöl við átta einstaklinga á aldrinum 25–30 ára sem stunda nám á vegum framhaldsfræðslunnar og eru í aðfaranámi. Í frásögnum þeirra vógu aðstæðu- og stofnanabundnar hindranir mun þyngra en viðhorfsbundnar hindranir. Helsta hindrun nemendanna var fjármögnun námsins þar sem unga fólkið býr við þröngan fjárhag og er með fjölskyldu á framfæri. Flókið reyndist að samþætta fjölskyldulíf og vinnu með námi og það skapaði mikið álag í lífi þess. Einnig kom fram að upplýsingar um nám og fjárstuðning í boði eru oft óljósar og viðmælendur töldu að framboð og skipulag náms kæmi ekki nægjanlega til móts við þarfir þeirra fyrir stuðning og sveigjanleika. Þátttakendur sýndu frumkvæði og þrautseigju við að yfirstíga margvíslegar hindranir sem þeir mættu á menntaveginum. Hvatinn að rannsókninni er ekki síst sá að stjórnvöld hafa sett markmið um hærra menntunarstig þjóðarinnar en afar hægt gengur að ná þeim markmiðum. Rannsóknin getur því nýst stjórnvöldum við stefnumótun og menntastofnunum og aðilum fullorðinsfræðslu við að fækka stofnana- og aðstæðubundnum hindrunum á vegi fullorðinna námsmanna.

Efnisorð: ævinám, fullorðinsfræðsla, hindranir, fullorðnir nemendur, aðþrengt frumkvæði

INNGANGUR

Árið 2008 lýsti ríkisstjórnin því yfir að stefnt væri að því að lækka hlutfall einstaklinga sem ekki hefðu lokið formlegu námi umfram skyldunám úr 31% niður í 10% árið 2020 (Forsætisráðuneytið, e.d.; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Gerðar hafa verið breytingar á lögum um leik-, grunn-, framhalds-, og háskóla (nr. 90, 91, 92, 85/2008) sem voru liður í mótun heildstæðrar stefnu um nám alla ævi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Tímamótalög um framhaldsfræðslu (27/2010) ráku smiðshöggið á stefnu um ævinám (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Skömmu áður tóku gildi reglur um forgangsroðun við innritun í framhaldsskóla fyrir 18 ára og yngri (lög um framhaldsskóla, 92/2008). Aðgengi eldri nemenda en 25 ára að framhaldsskólum var

skert enn frekar árið 2015 (þingskjal nr. 1/2014–2015). Þar sem aðeins er búið að ná hlutfalli þeirra sem minnsta formlega menntun hafa niður í 27% (OECD, 2015) er mikilvægt að meta reynslu fullorðinna námsmanna af framhaldsfræðsluferfinu. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvaða aðstæðu- og stofnanabundnu hindranir verða á vegi fullorðins fólks sem hefur hug á að ljúka námi á framhaldsskólastigi og hvernig því tekst að yfirvinna þær. Sjónum verður sérstaklega beint að ungu fólki (25–30 ára) þar sem þessi hópur hefur ekki skilað sér vel aftur í nám hérlendis (OECD, 2015, 30).

Ævinám - nauðsyn í nútímasamfélagi

Menntun fullorðinna og ævinám hafa á margan hátt verið jaðarsett í menntaumræðu og rannsóknunum en hafa þó fengið aukið rými á síðustu áratugum. Alþjóðlegur pólitískur áhugi birtist m.a. í yfirlýsingu Evrópusambandsins um ævinám (European Commission, 2001) og skapast hefur alþjóðleg fræðileg umræða. Bæði í pólitískri og fræðilegri umræðu má merkja togstreitu milli áherslu á þroska og félagslega þátttöku og áherslu á færni og efnahagslega framlegð einstaklinganna. Fyrri áherslan á sögulegar rætur í margháttuðu fræðslustarfi í árdaga iðnvæðingar, t.d. starfi kirkju, verkalýðsfélaga og félagslegra samtaka. Síðari áherslan hefur eflst á síðustu áratugum; ekki er lengur litið svo á að fólk fái grunnmenntun í skóla og læri síðan á vinnustað, heldur þurfi hver og einn einstaklingur sífellt að tileinka sér nýja og breytta hæfni og verða fær um að takast á við ný og flóknari viðfangsefni. Þessar ólíku áherslur, sem kenna má við húmanisma og hugmyndir um mannauð, togast gjarnan á en eiga líka oft samleið (Fejes og Salling-Olesen, 2010) og móta skipulag fullorðinsfræðslunnar með ýmsum hætti.

Í ævinámsfræðum hafa síðustu áratugir einkennst af sókn félags- og menningarlegrar nálgunar, gagnrýninnar uppeldisfræði, póststrúktúralisma og feminisma (Fejes og Nylander, 2015; Rubenson og Elfert, 2015). Slíkar nálganir hafa tengt rannsóknir á námi fullorðinna við ungmennarannsóknir, en þar er ekki litið á brotthvarf úr námi og endurkomu á síðari aldurs skeiðum sem frávik, heldur sem hluta af örri þróun samfélagshátta. Vaxandi hluti nýrra kynslóða teygir á vegferð sinni til fullorðinsára. Óviss um óskir, möguleika og eigin getu hverfa ungmenni frá námi til að vinna, en snúa síðan aftur til náms þegar framtíðarsýnin verður skýrari og einstaklingurinn þroskaðri (Gestur Guðmundsson, 2015; Heinz, 2009).

Á pólitíska sviðinu kemur áhersla á ævinám skýrt fram í heildstæðum lögum um framhaldsfræðslu (nr. 27) sem voru fyrst sett hérlendis árið 2010. Framhaldsfræðsla er sameiti yfir margs konar fræðslustarf utan hefðbundinna skólastiga, en stór hluti þess starfs er þó nátengdur formlega skólakerfinu, einkum og sér í lagi þau námsúrræði sem veita aðgang að háskólastiginu. Starfstengd menntun á Íslandi hefur auk þess haft þá sérstöðu að um áratuga skeið hafa fullorðnir haft talsverðan aðgang að almennum framhaldsskólum en jafnframt hafa verið byggð upp sérstök úrræði fyrir fullorðið fólk sem vill ljúka framhaldsskólanámi og jafnvel hefja háskólanám. Á svipuðum tíma og fram koma lög um framhaldsfræðslu hefur aðgangur fullorðinna að framhaldsskólum verið skertur verulega. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum þessara breytinga og reyndar hafa engar viðamiklar rannsóknir verið gerðar á þeim vaxandi hópi sem hefur farið þær leiðir sem verið hafa í boði. Hins vegar varpa margar smærri rannsóknir ljósi á einstaka þætti.

Margir fullorðnir námsmenn hafa neikvæða reynslu af skóla, sem stafar einkum af námserfiðleikum í bland við úrræðaleysi (Auður Jónsdóttir, 2012; Auður Sigurðardóttir, 2010; Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2010; Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008) og jafnvel einelti (Þóra Ásgeirsdóttir, 2009). Lítil aðstoð og hvatning á uppvaxtarárunum, bæði frá fjölskyldu og skóla, einkenndi gjarnan fyrri skólagöngu (Björk Erlendsdóttir, 2013; Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013; Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Skortur á sjálfstrausti í námi er vel þekktur hjá fullorðnum námsmönnum hérlendis (t.d. Hróbjartur Árnason o.fl., 2010). Sjálfsmýndin er oft löskuð, sjálfstraust fullorðinna í byrjun náms er af skornum skammti og ótti ríkjandi við að takast á við nám að nýju. Í þessum rannsóknum er lögð áhersla á einstaklinginn og nánasta umhverfi hans, en í ýmsum erlendum rannsóknum er frekar lögð áhersla á að fullorðnir nemendur finni til félagslegs uppruna síns á neikvæðan hátt. Þeir eiga sjaldnast háskólamenntaða foreldra og finnast stundum að þeir séu „á útivelli“ hvað varðar málfar og nálgun að námsefninu (Bourdieu, 1984; Field, Merrill og West, 2012).

Rannsóknir á framhaldsfræðslu taka ýmist mið af hinu húmaníska sjónarhorni eða eru af mannauðstengdum toga. Í fyrrnefndu rannsóknunum er lögð áhersla á þörf fyrir aukið sjálfsöryggi, aukna þekkingu, að vera betri fyrirmynd og öðlast viðurkenningu en í hinum síðarnefndu á afstöðu til fyrri starfa, löngun til að auka getu sína á vinnumarkaði og starfsöryggi (Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004; Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999, 2001b; Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2011).

Aðgengi og hindranir

Rannsóknir benda til þess að með úrræðum sem veita fullorðnum framhaldsskólamenntun hafi á ýmsan hátt tekist að mæta þörfum fullorðinna nemenda. Nemendur sem sækja vottað nám hjá símenntunarstöðvum og aðfaranám í frumgreinadeildum eru alla jafna mjög sáttir. Þeir segjast hafa eflst í námi, starfi og persónulegu lífi og hafa gjarnan hug á meira námi (Björk Erlendsdóttir, 2013; Eydís Katla Guðmundsdóttir, 2012; Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012; Halla Valgeirsdóttir, 2011; Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008). Þótt vel hafi gengið með þá sem stunda nám fyrir fullorðna sækja færri í framhaldsfræðsluna en stjórnvöld stefna að. Frá 2008 hafa íslensk stjórnvöld haft það markmið að 90% þjóðarinnar ljúki framhaldsskólanámi en árið 2015 hafði hlutfall þeirra sem lokið hafa framhaldsskóla 25–54 ára einungis hækkað úr 69% í 73% (OECD, 2015). Þessi staðreynd beinir sjónum að aðgengi og hindrunum á menntavegi fullorðinna námsmanna.

Kathryn Patricia Cross (1981) kallar innri þætti, svo sem sjálfstraust og álit einstaklinga á eigin námshæfileikum, viðhorfsbundnar hindranir (e. dispositional barriers) en þær mótast gjarnan af fyrri skólagöngu og hafa komið skýrt fram í rannsóknum hérlendis. Þessar hindranir draga úr vilja fullorðinna til að setjast aftur á skólabekk. Cross flokkaði það sem kalla mætti ytri hindranir sem fullorðnir mæta á leið til menntunar í tvennt: aðstæðubundnar hindranir (e. situational barriers) sem eiga rætur sínar að rekja til lífskjara einstaklinga hverju sinni, til dæmis tímaskorts og fjárhagslegrar stöðu, og stofnana-bundnar hindranir (e. institutional barriers) sem stafa af vinnubrögðum og skipulagi menntastofnana, til að mynda staðsetningu, námskostnaði og óhentugu námsframboði.

Margir hafa beitt nálgun Cross, en Rubenson og Desjardins (2009) eru meðal þeirra sem hafa leitast við að þróa hana áfram. Þeir hafa bent á að það sé ekki vænlegasta leiðin til aukinnar þekkingar að einblína á hindranir sem koma í veg fyrir að fullorðnir taki þátt í námi. Meginmáli skipti hvort og hvernig einstaklingar og hópar yfirvinna slíkar hindranir. Þeir víkka og dýpka nálgun Cross verulega, ekki síst með því að nota hugtakið aðþrengt frumkvæði (e. bounded agency), sem beinist að samspili formgerðar og frumkvæðis (e. structure and agency) (Evans, 2007; Nussbaum, 2002; Sen, 2002). Fullorðinsfræðslan hefur verið skoðuð út frá samspili formgerðar og frumkvæðis í lífssögu einstaklinga (Alheit og Dausien, 2002) en Rubenson og Desjardins leggja áherslu á að bera það saman hvernig formgerðir eru missveigjanlegar í ólíkum samfélögum og gefa mismunandi mikið rými fyrir frumkvæði. Gögn frá Eurostat gerðu Rubinson og Desjardins kleift að sjá hlutfall þeirra sem glímdu við ýmiss konar hindranir en gátu yfirunnið þær. Hlutfall þeirra sem glímdu við hindranir var svipað í allri Evrópu, en hlutfall þeirra sem gátu yfirunnið þær var mun hærra á Norðurlöndunum en annars staðar í Evrópu (Rubinson og Desjardins, 2009, 193).

Rubinson og Desjardins rekja þennan mun einkum til þess að stjórnvaldsaðgerðir í fullorðinsfræðslu eru öflugar og byggjast á jafnréttissjónarmiðum, þannig að fólk með litla menntun og lág laun fær meiri aðstoð en aðrir (andstætt við mörg önnur lönd þar sem háttsettari starfsmenn sitja að fræðslunni). Stéttarfélög eiga hér stóran þátt og þriðja lykiliatriðið í þessum samanburði er að norræn fullorðinsfræðsla er í mun ríkari mæli tengd almennu skólakerfi. Þessar niðurstöður eru tengdar kenningum Gösta Esping-Andersen um ólík velferðarkerfi (Esping-Andersen, 1990). Því til viðbótar má benda á að ungmennarannsakendur hafa sett fram hugmyndir og líkön um ólík kerfi vegferðar (e. transition) í Evrópu (Walther, 2006). Norræna vegferðarkerfið hefur gefið fólki mun meira svigrúm en önnur evrópsk kerfi til að taka sér hlé frá námi, byrja aftur o.s.frv., og sveigjanlegt framhaldsfræðslukerfi fellur vel að því (Gestur Guðmundsson, 2015).

Þær nálganir sem hér hafa verið kynntar hvetja okkur, hver á sinn hátt, til að skoða samspil ytri þátta (svo sem lög og stefnur sem mynda formlegan og fjárhagslegan ramma) við reynslu þátttakenda. Af því að lög og reglugerðir sem hafa áhrif á skipulag fullorðinsfræðslu eru nokkuð flóknar og ekki almennt kunnar viljum við gera stuttlega grein fyrir því regluverki sem myndar hinn ytri ramma um menntun fullorðinna.

Fullorðinsfræðsla: Lög og framkvæmd

Í fyrstu heildarlöggjöfinni um framhaldsskóla „fyrir alla“ var gert ráð fyrir fullorðnum námsmönnum og tilgreind umgjörð fyrir nám þeirra með áherslu á kvöldskóla (lög um framhaldsskóla nr. 57/1988). Kostnaður var greindur frá rekstri skólans og greiddur t.d. með þátttökugjaldi (lög um framhaldsskóla nr. 80/1996; reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun nr. 279/1997). Þessi lög virðast hafa lagt grunn að gjaldtöku fyrir nám fullorðinna á framhaldsskólastigi.

Með setningu nýrra laga um skólakerfið 2008 og um framhaldsfræðslu árið 2010 var mörkuð heildstæð stefna um nám alla ævi (Stefán Stefánsson, 2011) og nám fyrir utan hið hefðbundna skólakerfi formlega fest í sessi (Jón Torfi Jónasson, 2013). Merkja má áherslu á færni einstaklingsins í stefnumiðum stjórnvalda. Markmið framhaldsfræðslu er

að gefa einstaklingum sem lokið hafa lítilli formlegri menntun kost á aukinni þátttöku í þjóðfélaginu með viðeigandi námstækifærum og hvötum, til að efla starfshæfni og gera þeim auðveldara fyrir að hefja nám að nýju eftir hlé (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010, 2015). Þau eru í samræmi við alþjóðlegar áherslur (European Commission, 2001) og á Norðurlöndum (Rubenson og Desjardins, 2009).

Aðgengi ólíkra aldurs hópa að framhaldsskólum hefur töluvert breyst frá því að löggin um framhaldsskóla fyrir alla voru samþykkt árið 1988. Í kjölfar setningar nýrra laga árið 2008 var gerð breyting á reglugerð (nr. 1150/2008) um forgang nemenda sem ekki hafa náð 18 ára aldri við innritun. Á eftir í forgangsröðinni koma nemendur sem eru yngri en 25 og loks aðrir umsækjendur sem ætla sér að stunda nám í kvöldskóla eða fjarnámi. Framhaldsskólum er heimilt að hafa umsjón með námskeiðahaldi sem ætlað er fullorðnum, að bjóða upp á fjarnám og taka gjald af fjarnámsnemendum (sjá nánar reglugerð um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla nr. 614/2009).

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2015 var enn eitt skref tekið sem dregur úr möguleikum eldri nema á framhaldsskólavist í formlega skólakerfinu. Þar var lögð megin áhersla á að mæta þörfum nemenda sem eru yngri en 25 ára (þingskjal nr. 1/2014–2015). Smám saman hefur verið þrengt að möguleikum eldri nema en 18 ára, og eldri en 25 ára sérstaklega, til að stunda nám í framhaldsskólum. Athyglisvert er að löggjafinn hefur lengi gert ráð fyrir að nemendur sem sækja kvöldskóla og fjarnám greiði sjálfir fyrir stærri hluta sinnar menntunar en ungmenni sem hafa aðgang að kennslu á reglubundnum starfstíma framhaldsskólanna. Með tilkomu skýrari marka um aldur við inntöku í framhaldsskóla er ljóst að þeim sem eru eldri en 25 ára er beint í framhaldsfræðsluna, nema ef um starfsnám er mögulega að ræða (þingskjal nr. 1/2014–2015).

Framhaldsfræðsla er skilgreind með víðum hætti: „Hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla“ (lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010). Símenntunarmiðstöðvar skulu veita þjónustu við eldri nemendur samkvæmt stefnu ráðuneytisins um nám alla ævi. Námið mætir þörfum nemenda sem hafa flosnað upp frá námi og er viðurkennt að þetta er oftast nær brothættur hópur sem þarf frekari hvatningu og stuðning til náms (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).

Innan framhaldsfræðslu eru til vottaðar námsleiðir í almennum bóklegum greinum, svo sem Grunnmenntaskólinn, Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum og Menntastöðir sem kenndar eru á símenntunarmiðstöðvum og meta má til eininga í framhaldsskóla (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d., 2009, 2011). Námið er hægt að stunda bæði í stað- og dreifnámi (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2009; Mímir símenntun, e.d.-a, e.d.-b). Einnig bjóða frumgreinadeildir háskólanna, sem falla undir lög um opinbera háskóla (63/2006), svokallað aðfaranám eða frumgreinanám sem undirbúning fyrir háskólastigið. Námið tekur yfirleitt tvær til þrjár annir og er í boði í Keili háskólabrú (Háskólabrú, e.d.-b, e.d.-c), í Háskólagátt Háskólans á Bifröst (Háskólinn á Bifröst, e.d.-b) og í Frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík (Háskólinn í Reykjavík, e.d.-a, e.d.-b). Boðið er upp á stað- og dreifnám en eingöngu staðnám í HR.

Til að átta sig betur á stofnanalegum þáttum sem tengjast námstækifærum fullorðinna er mikilvægt að lýsa einnig kostnaði þegar rannsóknin fór fram og styrkjamöguleikum námsins. Námsgjöld í Grunnmenntaskólanum og Menntastoðum fyrir námstímamann í heild eru á bilinu 62.000–136.000 kr. (Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi, e.d.; Mímir, símenntun, e.d.-a, e.d.-b; Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, e.d.; Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, e.d., 2016). Til að eiga rétt á styrk fyrir námsgjöldum frá stéttarfélögum þarf nemandi að hafa verið í fullu starfi í sex mánuði (Landsmennt, e.d.; Ríkismennt, e.d.; Sjómennt, e.d.; Starfsafl, e.d.; Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, 2014; Sveitamennt, e.d.). Þeir sem eru í atvinnuleit eiga rétt á námssamningi í allt að eina námsönn hjá Vinnumálastofnun (reglugerð um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem markaðsúrræði nr. 1223/2015; Vinnumálastofnun, e.d.). Kostnaður við frumgreinanám er á bilinu 170.000–457.500 í heild (Háskólinn á Bifröst, e.d.-b, Háskólinn í Reykjavík, e.d.-c; Háskólabrú, e.d.-a). Námið er lánshæft hjá LÍN (Lánasjóður íslenskra námsmanna, e.d.-a, e.d.-b) og veita starfsmenntasjóðir stéttarfélaganna styrki til niðurgreiðslu á skólagjöldunum (t.d. Landsmennt, e.d.; Ríkismennt, e.d.; Sjómennt, e.d.; Starfsafl, e.d.; Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, 2014; Sveitamennt, e.d.).

Viðfangsefni rannsóknarinnar

Þótt rannsóknir á endurkomu ungs fullorðins fólks til náms séu takmarkaðar á Íslandi sýna þær að margir eru tilbúnir að snúa aftur til náms ef aðstæður leyfa og sýna þá talsverða seiglu í glímunni við námið (Inga Guðrún Kristjánsdóttir, 2012; Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013; Vinnumálastofnun, 2013). Byrjað verður á að leita svara við því hvaða ástæður lágu að baki brotthvarfi úr námi og hvaða hvatar leiddu til endurkomu hjá fullorðnum námsmönnum undir þrítugu.

Rannsóknir sýna enn fremur að fullorðnir námsmenn hér á landi mæta aðstæðubundnum hindrunum. Þeir eiga oft erfitt með að sækja sér fræðslu vegna tímaskorts, eru þreyttir vegna annríkis í vinnu og hafa skyldum að gegna gagnvart fjölskyldu sem sett er í forgang (Halla Valgeirsdóttir, 2011; Hróbjartur Árnason o.fl., 2010; Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999, 2001a, 2001b; Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008; Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Steingerður Ólafsdóttir og Kristín Erla Harðardóttir, 2014; Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2011). Bág fjárhagsstaða getur einnig hamlað fullorðnum að snúa aftur til náms og er það einkum vegna þess hversu hár námskostnaðurinn er og oft er ekki litið á námslán sem vænlegan kost (Hróbjartur Árnason o.fl., 2010; Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir o.fl., 2014; Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2011) og upplýsingar um styrki í boði eru ekki aðgengilegar (Björk Erlendsdóttir, 2013; Halla Valgeirsdóttir, 2011).

Búast má við að ungt fólk, sem er að byrja að standa á eigin fótum fjárhagslega og jafnvel stofna fjölskyldu, mæti slíkum hindrunum og jafnvel frekar en þeir sem eldri eru. Þar sem þetta er sá hópur sem ekki hefur skilað sér sem skyldi aftur í nám hérlendis er sjónum beint sérstaklega að þeim sem nýlega hafa séð rétt sinn á setu í framhaldsskóla vera skertan (25–30 ára). Í þessari rannsókn verður fyrst og fremst kannað hvernig fullorðnir námsmenn upplifa aðstæðu- og stofnanabundnar hindranir á leið aftur til náms. Skoða þarf nánar hvaða ytri hindrunum þeir mæta helst og hvernig þær spila saman í

lífi þeirra. Að lokum verður sjónum beint að því hvernig þeir takast á við hindranir, til að varpa nánara ljósi á samspil stofnanalegrar formgerðar og frumkvæðis einstaklingsins.

AÐFERÐ

Þátttakendur

Þátttakendur voru sjö konur og einn karl; þeim voru gefin nöfn svo að lesandi geti tengt saman mismunandi þætti í vegferð þeirra og tilvitnanir í viðtöl við þau. Þau eru á aldrinum 26–30 ára og stunda fimm (Ása, Birna, Hera, Katla og Óskar) nám í Grunnmenntaskóla eða Menntastöðum á vegum Símenntunarmiðstöðva og þrjár (Eva, Þórunn og Aníta) eru í aðfaranámi í frumgreinadeildum. Af átta viðmælendum höfðu fimm verið greindir ýmist með ADHD, lesblindu og/eða talnablindu í grunnskóla. Þessir námsörðugleikar leiddu til áhugaleysis gagnvart náminu og svipað áhugaleysi einkenndi hina viðmælendurna þrjá. Einn þeirra hafði orðið fyrir einelti auk ofbeldis af hálfu foreldra. Allir þátttakendur nema einn fóru í framhaldsskóla að loknum grunnskóla en flosnuðu upp úr námi af margs konar ástæðum, svo sem vegna bágrar fjárhagsstöðu, barneigna, námsörðugleika og áhugaleysis.

Flestir viðmælendur eru í sambúð með börn, frá einu upp í fimm. Þórunn býr með barni sínu hjá foreldrum og Óskar er í starfsendurhæfingu og býr í opinberu búsetu-úrræði. Helmingur þátttakenda er í vinnu með námi, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi, aðallega í þjónustu og umönnunarstörfum. Ása, Birna, Óskar og Aníta eru ekki í starfi meðfram námi en fá stuðning frá fjölskyldu eða velferðarkerfi til náms.

Framkvæmd rannsóknar

Til að finna þátttakendur í rannsóknina, sem voru í þeirri stöðu að hafa hætt námi en ákveðið að hefja nám að nýju, var haft samband við náms- og starfsráðgjafa í frumgreinadeildum og á símenntunarmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem ákveðið var að fjalla hér um unga fullorðna námsmenn voru sett þau viðmið að þátttakendur væru á aldrinum 25–30 ára og hefði verið synjað um nám í framhaldsskóla eða stunduðu nám utan hefðbundins framhaldsskóla. Hér er því um markmiðsúrtak (e. purposive sample) að ræða (Creswell, 2013).

Tekin voru opin einstaklingsviðtöl (e. in-depth interviews) til að fá fjölþættan og nákvæman skilning á reynslu þeirra sem hefðu nýlega nýtt sér úrræði framhaldsfræðslunnar og aðfaranáms. Til að svara þeirri meginspurningu hvaða hindranir hefðu orðið á vegi þeirri á leið í nám að nýju var aðallega leitast við að fá innsýn í aðdraganda og reynslu þeirra þegar þau ákváðu að fara í nám á fullorðinsaldri. Í viðtalsrammanum var megináherslan á það hvar þau hefðu komist í kynni við núverandi nám, almennt aðgengi að námi og námsframboð. Einnig var spurt hvernig gengi að samþætta heimilislíf, atvinnu og skóla og loks um efnahagslega umgjörð og fjármögnun námsins sérstaklega. Hvert viðtal tók 30–60 mínútur og voru þau ýmist tekin í heimahúsi, í fundarherbergjum háskóla eða á símenntunarmiðstöð.

Greining og úrvinnsla gagna

Við greiningu gagna var stuðst við hugmyndafræði grundaðrar kenningar (e. grounded theory), nánar tiltekið nálgun Charmaz (2014) sem felur í sér tvö meginþrep. Byrjað var á opinni kóðun (e. initial coding) þar sem gögnin voru bútuð niður og skoðuð ítarlega línu fyrir línu. Auk þess voru málsgreinar og setningar greindar og spurningum um merkingu þeirra og tengsl velt upp. Textahlutarnir voru skoðaðir í þaula og á þessu stigi byrjuðu að koma í ljós mynstur eða þemu sem tengdust aðgengi að námi. Þegar tiltekin þemu höfðu komið fram var hægt að beina sjónum að markvissri kóðun (e. focused coding) til þess að mynda heild, samþætta og skilgreina hugtök í gögnunum. Gögnin voru síðan aftur lesin yfir og leitað eftir atriðum sem tengdust tilteknu þema eða hugtaki til að greina hvort um væri að ræða greinilegt þema.

Siðferðileg málefni

Þátttakendum var gerð grein fyrir tilgangi rannsóknarinnar, markmiði, með hvaða hætti niðurstöður yrðu birtar og að fyllsta trúnaðar yrði gætt varðandi persónulegar upplýsingar. Þeir skrifuðu undir trúnaðaryfirlýsingu og samþykki fyrir þátttöku, þar sem fram kom að þeim yrðu gefin gervinöfn og að lokinni afritun og greiningu gagna yrði þeim eytt. Einnig var þátttakendum gert ljóst að þeim væri frjálst að hætta þátttöku hvenær sem væri. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar. Aðferð grundaðrar kenningar styður réttmæti og eykur áreiðanleika eigindlegra rannsókna (Berg, 2009) með nákvæmni í undirbúningi og sérstaklega með því skýra og samræmda vinnulagi við úrvinnslu gagna sem Charmaz (2014) leggur til og var beitt hér. Erfitt er að útiloka að viðhorf og staða rannsakanda hafi haft áhrif á framvindu viðtala og túlkun niðurstaðna. Þar sem spurt var um beina reynslu þátttakenda og rannsakandi sem tók viðtölin hefur hvorki sérstakra hagsmuna að gæta né sterk viðhorf gagnvart viðfangsefninu höfum við ekki ástæðu til að draga réttmæti niðurstaðnanna í efa.

NIÐURSTÖÐUR

Viðmælendur okkar höfðu svipaða sögu að segja um ástæður þess að þeir ákváðu að setjast aftur á skólabekk. Eftir nokkur ár á vinnumarkaði fóru þeir að reka sig á ýmsa veggjum sem tengdust menntunarleysi þeirra; þeir voru fastir í láglaunastörfum og stundum á vöktum sem stönguðust á við fjölskyldulíf. Sumir þeirra misstu vinnuna á kreppuárunum 2008–2012 og áttu erfitt með að finna nýja vinnu. Við þessar aðstæður fóru þeir, hver fyrir sig, að íhuga að ljúka framhaldsskólanámi og bæta þannig stöðu sína á vinnumarkaði og í lífinu almennt. Meginefni viðtalanna var að kanna hvaða hindranir hefðu orðið á vegi þeirra á leið aftur í nám. Þeir voru nú mun jákvæðari gagnvart námi en þegar þeir voru á framhaldsskólaaldri og nutu oftast stuðnings fjölskyldu, auk kennara og ráðgjafa, þannig að viðhorfsbundnar hindranir reyndust vera yfirstíganlegar, en aðstæðu- og stofnana-bundnar hindranir reyndust vera snúnari.

Fram komu þrjú meginþemu í viðtölunum; *erfið endurkoma* og *þung fjármögnun* sem skiptast í þrjú undirþemu hvort, og að lokum margþætt þema, *snúin samþætting* náms, vinnu og fjölskyldulífs, sem endurspeglar það flókna efnahagslega og félagslega umhverfi

sem fullorðnir námsmenn búa við. Þar kemur glögglega í ljós hvernig stofnanalegar og aðstæðubundnar hindranir fléttast saman í lífi ungra fullorðinna námsmanna.

Erfið endurkoma

Þegar unga fólkið hafði ákveðið að setjast aftur á skólabekk voru móttökurnar ekki alltaf jákvæðar. Í fyrsta lagi upplifðu mörg þeirra höfnun þegar þau leituðu aftur til framhaldsskólans. Í öðru lagi vantaði upplýsingar um hvaða nám stæði þeim til boða og í þriðja lagi er staðsetning námsframboðs og skipulag þess ekki alltaf hentugt og hamlar þannig aðgengi.

Þrír viðmælenda okkar sóttu um inngöngu í framhaldsskóla þegar þeir höfðu ákveðið að hefja nám að nýju, en umsóknum þeirra var hafnað. Tveir fengu þau svör að yngri nemendur gengju fyrir en sá þriðji fékk ekkert svar um ástæðu höfnunarinnar. Höfnuninni fylgdu engar ábendingar um aðrar leiðir til að ljúka framhaldsskólánámi og viðmælendurnir upplifðu uppgjöf:

Ég held að þegar ég fékk höfnunina síðast, þá fór ég bara að hágráta, sko, mér fannst þetta hundleiðinlegt, fannst það mjög erfitt að fá alltaf endalausa höfnun og svo líka bara, þú veist, enga skýringu, þú veist ... maður, ég var líka búin að vera að sækja um vinnur og var að fá höfnun með engri skýringu og þá, þú veist, ég var svona alveg við það að fara að gefast upp.

Tveir þeirra fengu ábendingar frá vinum um frumgreinanámið en í fyrstu virtist sú leið vera lokuð líka því að hvorugur hafði lokið öllum einingum sem krafist er í inntökuskilyrðum. Annar komst síðar inn á undanþágu en hinn lauk þeim einingum sem á vantaði í fjarnámi á sumarönn. Þriðji viðmælandinn var svo „heppinn“ að vera atvinnulaus og fékk ráðgjöf frá Vinnumálastofnun um að hann gæti farið í Grunnenntaskólann og þaðan í Menntastoðir og inn í undirbúningsdeildir háskólanna. Þá hafði hann verið atvinnulaus í þrjú ár án þess að vita af þessum möguleika.

Fleiri viðmælendur skorti upplýsingar og vissu ekki um námsmöguleika hjá símenntunarmiðstöðvum fyrr en þeir ýmist sáu auglýsingar á samfélagsmiðlum eða heyrðu um skólann frá vinum eða ættingjum og einn fékk kynningu á skólum í starfsendurhæfingarúrræði. Þeir höfðu kannski heyrð heiti þessara námsleiða en þau bera ekki með sér um hvaða starfsemi er að ræða:

Þú veist, ég hef alveg séð Grunnenntaskólann, [Símenntunarmiðstöð] eða Menntastoðir eða eitthvað þannig en ég vissi ekki að það leiddi mann eitthvert annað, ég hélt að þetta væri bara svona eitthvað námsstofnun þar sem þú gætir bara fengið þekkingu á því hvernig þú átt að læra og eitthvað svona, ég hélt bara að þetta væri eitthvað þannig ... ég vissi ekki að þetta væri gild námsstofnun sem að gefur manni þessar einingar sem maður þarf. (Aníta)

Þegar í námið var komið áttu viðmælendur oft erfitt með að útskýra fyrir öðrum hvert nám þeirra stefndi, t.d. að það gæti leitt til háskólanáms.

Viðmælendur voru ekki fyllilega sáttir við það námsframboð, og sérstaklega skipulag og staðsetningu náms, sem stendur þeim til boða. Þrír þeirra höfðu orð á því að ef fleiri aðilar á höfuðborgarsvæðinu byðu upp á frumgreinanám þá myndu fleiri nýta sér það. Þeir vildu sjálfir frekar fá að ljúka náminu við símenntunarmiðstöð en að fara í aðfaranám við háskóla:

Kennararnir hérna eru vanir að taka á móti fólki sem er að koma inn í skólakerfið í fyrsta skipti í sko mörg ár, ég meina, það er fólk hérna sem er á sextugsaldri, skilurðu, sem að hefur aldrei farið í skóla nema bara klárað í grunnskóla ... og auðvitað náttúrulega þarf þá að vera eitthvað líka fyrir það fólk, skilurðu, og ég meina, fólk er heldur ekkert að nenna að keyra alla leið til Keflavíkur. (Birna)

Þegar viðmælendur höfðu komist inn í framhaldsfræðsluna var upplifun þeirra almennt góð, eins og fram kemur í máli Heru: „Það voru allir velkomnir það er alveg þannig að þeir bara, þeir búa bara til pláss.“ Áberandi er að þeim finnst vel tekið á móti sér hjá símenntunar- miðstöðvunum og vilja mörg hver halda áfram námi þar. Staðsetning og námsframboð aðfaranáms hentaði aftur á móti ekki alltaf búsetu þeirra og aðstæðum.

Pung fjármögnun

Unga fólkíð stendur frammi fyrir beinum kostnaði af náminu, sem það á í töluverðum erfiðleikum með að fjármagna í ógagnsæju kerfi úrræða, auk þess sem flest þeirra eru með fjölskyldu á framfæri meðan á námi stendur. Beinn kostnaður og framfærsla fjölskyldunnar var ein helsta hindrunin við að hefja nám að nýju og hjá öllum viðmælendum var fjármögnun námsins talsvert þúsluspil, sem seinkaði stundum námi og olli hugarangri.

Sem dæmi um þúsluspil viðmælenda má nefna Heru, sem sagðist ekki eiga kost á að vera í staðnámi, þar sem maðurinn hennar er einnig í námi. Hún þarf því að vinna til þess að geta framfleytt sér og fjölskyldu sinni:

Núna er ég komin með fjölskyldu, ég þarf að borga af húsi, ég er að sjá um börnin, ég er að borga dagmömmu og leikskólaföt og allt þetta og að streða við að vera í námi, þetta er bara ... þetta er erfitt, þetta er rosalega mikið álag.

Þótt móðir Heru hefði lítið stutt fyrri skólagöngu hennar tók hún nú þátt í beinum kostnaði og borgaði fyrir hana skólagjöldin. Aðspurð hvers vegna móðir hennar væri nú að hvetja hana og styðja til náms sagðist Hera gera ráð fyrir að hún væri með eftirsjá: „Kannski fattaði hún bara, þú veist, hvað var ég að pæla eða eitthvað, þú veist, að hvetja ekki krakkana sína til náms.“

Að minnsta kosti þrír viðmælenda höfðu safnað fyrir námskostnaði fyrsta misserisins áður en þeir hófu nám. Nokkrir sem verið höfðu atvinnulausir fengu námssamning, í sumum tilvikum borguðu stéttarfélag skólagjöld og þrír viðmælendur fengu fjárhagsstuðning frá foreldrum. Flestir töldu sig nauðbeygða til að vinna með náminu. Meirihluti viðmælenda vildi ekki taka námslán fyrir áframhaldandi námi, og þá einkum þeir sem stefndu á að fara í frumgreinadeild. Þeir sögðust ekki vilja borga af slíku láni í tugi ára og að auki voru nokkrir með önnur lán, sem þeir þurftu að borga af.

Ása vildi komast hjá því að taka námslán og ætlaði því að „vinna eins og brjálæðingur“ og safna pening til að greiða skólagjöldin. Hún stefndi á að vera í fjarnámi, þar sem hún taldi sig ekki geta farið í staðnám vegna fjárskorts:

Ég hef mikinn áhuga á að læra bara og það hjálpar mér svo mikið að hlusta á kennarann og hafa hann til taks og allt þetta, en bara til þess að ég geti lifað og haldið áfram, þú veist, með lífið þá þyrfti ég eiginlega að vera að vinna með ... og ég geri það ekki í staðnámi, sko.

Einn viðmælandi lenti tvívegis í fjárhagsvanda. Hann gat fengið styrk til náms í símenntunarmiðstöð en ekki fyrsta mánuðinn og þurfti að taka lán og fá yfirdráttarheimild til að geta framfleytt fjölskyldunni þann mánuð. Honum gekk síðan vel í námi og komst inn í frumgreinadeild, en þá reyndist hann vera á vanskilaskrá og átti þess vegna ekki rétt á námsláni. Eftir talsverðan barning og nokkra mánuði fékk hann svo loks skuldabréf hjá Félagsmálastofnun.

Viðmælandur hafa flestir stofnað heimili og segjast ekki myndu ráða við það fjárhagslega að vera bæði á námslánum og í staðnámi, útgjöld heimilisins myndu ekki ráða við það:

Það sem hræðir mig mest við að fara í fullt nám það er að, að þú veist, geta ekki átt fyrir mat í lok mánaðar. (Hera)

Pau nefna flest að í orði kveðnu eigi allir að búa við jöfn tækifæri óháð fjárhag, en samt sé dýrara fyrir þá sem orðnir eru 25 ára að mennta sig en fyrir þá yngri.

Oftar en ekki er þetta fólk sem að er búið að ganga í gegnum eitthvað í lífinu og fólk sem er komið með fjölskyldu og eitthvað svona og þegar þú ert komin með fjölskyldu þá eru miklu minni tækifæri fyrir þig námslega séð af því að þú ert með fjölskyldu og tíminn, peningarnir og allt þetta. (Birna)

Snúin samþætting

Fimm af viðmælandunum átta áttu börn og gekk þeim misvel að samþætta fjölskyldulífið og námið. Þórunn, Eva og Birna áttu allar auðvelt með að sinna börnum sínum, ásamt náminu, og var það að mestu leyti vegna stuðnings sem þær fengu frá aðstandendum og mökum. Þórunn var ein með barn og fékk einkum aðstoð frá foreldrum sínum og voru hún og barnsfaðir hennar með sameiginlegt forræði. Hún hafði orð á því að ef hún væri alltaf með strákinn þá myndi hún „ábyggilega ekki ná að sinna honum jafn vel“. Eva hafði ekki heldur börnin hjá sér allar stundir. Þrjú börn hennar af fimm voru hjá mökum úr fyrri samböndum í tvær vikur í mánuði: „... þannig að það er kannski aðeins rólegra inni á milli“. Þórunn, Eva og Birna töluðu allar um að til að þetta gengi upp þá þyrftu þær að skipuleggja tíma sinn vel.

Aníta og Hera eiga hins vegar ekki eins auðvelt með að samtvinna skóla og fjölskyldulíf. Aníta hefur ekki foreldra sína sér til stuðnings, enda segist hún vera komin úr „mölbrotinni fjölskyldu“. Hún á þó kærasta sem aðstoðar hana við að sinna syninum, en hann vinnur aðra hverja viku og er því erfitt fyrir Anítu að sjá um drenginn þá viku sem kærastinn er í vinnunni. Vegna álagsins sem fylgir náminu, auk sjúkdóms sem hrjáir hana, sagðist hún ekki geta verið eins mikið með honum og hún myndi vilja. Hún sagði:

... hann [sonurinn] er orðinn mjög þreyttur á mér, sko, þú veist, ég get ekkert gert neitt með honum, á helgum er ég bara alveg, þú veist, því ég er með vefjagigt og allt það, þá er ég alveg búin ... hann hérna fer sem betur fer annað slagið til pabba síns þannig að þar fær hann svona athyglina sem hann þarf.

Svípaða sögu er að segja af Heru, en henni fannst erfitt að þurfa að reiða sig á fjölskyldumeðlimi til að sækja börnin sín tvö í leikskólann. Auk þess var hún að vinna á

næturvöktum og sagðist því ekki geta hugsað um börnin sín eins og hún „þarf og langar“ til að gera. Hún lýsti upplifun sinni af því að vinna með náminu á eftirfarandi hátt:

Algjört og mikið álag á bara, þú veist, fjölskyldulífið og á alla, þú veist, þetta er ekkert bara álag á mig ... bara á krakkana líka og, þú veist, meira að segja þegar ég er, ég vinn sem sagt næturvaktir í viku og svo frí í viku og þegar ég til dæmis er að vinna sem sagt á hérna sunnudagsnótt, kem heim og þá eru krakkarnir farnir á leikskólann svo fer ég í skólann á mánudagskvöldi, kem heim og þá eru þau farin að sofa.

Vegna vinnunnar sá Hera því ekki börnin sín frá sunnudegi til þriðjudags og hið sama gildi um tímabilið frá fimmtudegi til laugardags.

Eva, Þórunn og Katla voru einnig að vinna með náminu. Eva var með sveigjanlegan vinnutíma um helgar og taldi því vinnuna hvorki hafa áhrif á heimilislífið né námið. Þórunn var í 35% vinnu á föstum vöktum en gekk samt vel að sinna náminu, þar sem hún átti „mjög auðvelt með að læra,“ og „hefur mjög lítið fyrir því“. Hún gerði samt ráð fyrir að ef hún hefði ekki haft stuðning foreldra sinna til að sjá um son sinn þá hefði hún ekki átt möguleika á að vinna svona mikið með náminu: „Það munar öllu alveg að hafa þennan stuðning.“ Katla tók í sama streng og Þórunn og nefndi hversu mikinn stuðning kærasti hennar hefði veitt henni vegna álags, bæði í vinnunni og náminu: „Hann er búinn að standa eins og bara klettur við hliðina á mér allan tímann.“ Hún var í 100% vinnu með dreifnáminu og sagðist því oft hafa verið „uppgefin“ í lok vikunnar. Að sögn Kötlu hafði það tekið á að vera bæði í vinnu og í námi og lýsti hún tilfinningum sem hún upplifði á eftirfarandi hátt:

Bara svona, maður lætur þetta ganga, þetta var alveg erfitt fyrst ... og eins og ég segi þá koma erfiðir tímar þar sem manni langar bara að leggjast í gólfíð og fara að gráta en ... en hérna, maður þarf bara að minna sig á það að þetta er alveg þess virði og hérna, en maður á ekkert rosalega mikið félagslíf.

Katla mat mikils stuðninginn sem hún fékk bæði frá kærasta sínum og fjölskyldu og sagði líklegt að hún hefði verið búin að gefast upp og hætta í skólanum ef hún hefði ekki haft þetta stuðningsnet og hvatningu sem því fylgdi: „... ég væri örugglega löngu farin ef ég væri ekki með allan þennan stuðning.“ Þar sem um er að ræða viðmælendur í ólíkri stöðu er nokkuð misjafnt hvernig þeim gekk að samþætta fjölskyldulífið við nám og störf. Stuðningur og hvatning frá fjölskyldu virðist þó ráða miklu um það hvernig þeim farnaðist í námi og við að sjá um sig og sína.

UMRÆÐA

Í greininni höfum við skoðað hvernig átta ungir einstaklingar, sem höfðu átt erfiða daga í skóla, sneru aftur í nám eftir margra ára þátttöku á vinnumarkaði. Upplýsingaskortur var fyrsta hindrunin sem þau mættu. Heiti námsframboða í fullorðinsfræðslu gefa sjaldan skýr skilaboð um að þar megi sækja almennt bóknám, sem getur verið fyrsta skrefið inn í framhalds- og háskólanám. Þau upplifðu einnig persónulega höfnun þegar umsóknum sumra þeirra um framhaldsskólanám var hafnað án þess að greinargóðar ástæður væru tilteknar og þeim var ekki bent á aðrar námsleiðir í boði. Þau rötuðu seinna inn á námsleiðir

sem stóðu þeim opnar, t.d. innan framhaldsfræðslu hjá símenntunarstöðvum og í aðfaranámi háskólanna. Þegar leiðin til náms var fundin urðu fjárhagslegar hindranir sýnilegri, einkum þeim sem eiga börn. Sambætting fjölskyldulífs, vinnu og náms skapaði mikið álag. Ungu fólkið hafði fundið lausnir sem ekki allir myndu sætta sig við, t.d. að vera bæði í fullri vinnu og í skólanámi. Meðal þeirra eru hjón sem eru hvort á sinni vakt í vinnu til að geta sinnt börnum og námi.

Við höfum lagt áherslu á að skoða þær hindranir sem hafa mætt ungmennunum og hvernig þau hafa tekist á við þær, hvaða stuðnings þau hafa notið í velferðarkerfum og af hálfu starfsmanna þeirra, aðstandenda og annarra. Þó niðurstöðurnar séu um margt samþærilegar því sem áður hefur komið fram hérlendis (t.d. Hróbjartur Árnason o.fl., 2010; Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999, 2001a, 2001b) drögum við hér fram samspil opinberrar stefnu, skipulags stofnana og frumkvæðis einstaklingins. Skýr skilaboð þátttakenda og túlkun niðurstaðna í ljósi stefnumótunar og alþjóðlegrar fræðilegrar umræðu um ævimenntun eru notuð til að setja fram tillögur til bóta og áframhaldandi rannsókna.

Í alþjóðlegum rannsóknum á þátttöku í fullorðinsfræðslu hefur komið fram að hvarvetna rekast námsmenn á hindranir af því tagi sem hér hefur verið lýst (Cross, 1981). Það sem skilur á milli feigs og ófeigs er hversu vel er tekist á við þessar hindranir. Í alþjóðlegum samanburði koma Norðurlönd einna best út, þar sem þátttakendur eru þar studdir betur en annars staðar í glímu sinni (Rubenson og Desjardins, 2009). Samanborið við önnur Norðurlönd hefur Ísland þann augljósa kost að mikil eftirspurn er eftir vinnuafli, því að þar sem atvinnuleysi er talsvert er meiri hættu á að framhaldsmenntun skili viðkomandi ekki vinnu.

Rannsóknir, þar á meðal okkar, benda hins vegar til þess að allt of miklar og óþarfar stofnanabundnar hindranir sé að finna í slakri upplýsingamiðlun, skipulagi og staðsetningu náms auk fjárhagslegrar umgjarðar, sem oft dæmir þátttakendur til fátæktar. Um leið kemur það fram að unga fólkið, sem hefur einungis lokið litlum hluta framhaldsskóla, leggur ekki árátt á bát þótt því finnst illa búið að sér. Þau eru tilbúin til að laga sig að erfiðum aðstæðum og margs konar óréttlæti í skipan menntamála, ekki síst vegna þess að þau hafa skýr markmið og hafa unnið bug á mörgum hindrunum. Hugtakið aðþrengt frumkvæði (e. bounded agency) (Evans, 2007) vísar einmitt til þess frumkvæðis sem þau sýna við erfiðar aðstæður, svo sem að safna fyrir skólagjöldum, skipuleggja umönnun barna með núverandi og fyrrverandi maka og sækja stuðning eða beina aðstoð til sinna nánustu.

Mikilvægt er að setja þessa umræðu í sögulegt samhengi því ætla má að þegar heimildir til gjaldtöku voru gefnar í lögum um framhaldsskóla (1988), fyrir um 30 árum, hafi þær verið miðaðar við allt annan samfélagshóp en þann sem hefur þörf fyrir framhaldsskólamenntun í dag. Krafan um menntun í síbreytilegu þekkingarsamfélagi 21. aldarinnar er einnig mun meiri en þá var og því er það stærra og fjölbreyttari hópur sem hefur þörf fyrir menntun á framhaldsskólastigi nú, eins og fræðileg umræða og pólitísk stefnumótun er til marks um (European Commission, 2001). Stjórnvöld virðast ekki hafa tekið fullt mið af þessum breytingum í stefnu sinni um framhaldsfræðslu og nám fyrir fullorðna, og sérstaklega þeim þætti sem snýr að gjaldtöku og fjárhagslegum stuðningi. Í máli viðmælenda endurómar það sem fram kemur í skýrslu verkefnahóps um fullorðins- og

framhaldsfræðslu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015), að auka þurfi fjármagn til framhaldsfræðslunnar til muna til að hægt sé að koma til móts við menntunarfærir þeirra einstaklinga sem búa alla jafna við þröngan efnahag. Þegar ákveðnum áföngum er náð er hægt að taka námslán, en viðmælendum okkar þótti það ekki fýsilegur kostur. Þeir hafa nægar skuldir að glíma við, t.d. í húsnæðiskerfinu, og andstætt mörgum háskólanemum sem taka námslán búa þeir við algera óvissu um það hvort námið muni skila þeim auknum tekjum.

Forgangsatriði er að draga úr kostnaði eða bæta fjárhagslegt stuðningskerfi fyrir fullorðna námsmenn ef það markmið á að nást að hækka menntunarstig þjóðarinnar. Þá er einnig mikilvægt að bæta samráð og samhæfingu ólíkra menntastofnana. Mikilvægt er að framhaldsskólarnir, sem unga fólkið sækir gjarnan fyrst til, veiti þeim sem synjað er um skólavist upplýsingar um það nám sem er í boði hjá símenntunarstöðvum og í aðfaranámi í samræmi við upplýsingaskyldu í stjórnslutöðum (nr. 37, 1993). Framhaldsfræðslan er starfrækt hjá fræðsluaðilum, svo sem símenntunarmiðstöðvum, sem eru með margþætta starfsemi og bera ekki mjög gagnsæ heiti, (t.d. Mímir, Fræðslunet, Símey). Fullorðnir námsmenn og almenningur vita lítið um það hverjum námið þjónar, tilgang þess og hvaða rétt það veitir til áframhaldandi náms. Viðmælendur sem þurfa að vinna með námi sökum bágs fjárhags nefndu einnig að þörf væri fyrir fjölbreyttara framboð á fjárnámi og jafnvel kvöldnámi því að stuðningur sem er í boði er þeim mikilvægur (t.d. Björk Erlendsdóttir, 2013; Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008). Einnig er þörf fyrir fleiri skóla sem bjóða upp á aðfaranám eða fjölbreyttara skipulag og áherslur fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstöður okkar sýna að það er á brattann að sækja fyrir stóran hluta ungs fólks, einkum þá sem eiga við námsörðugleika að stríða og/eða sjá ekki tilganginn í skólanámi á unglingsárum. Niðurstöðurnar eru jafnframt sterk vísbending um að námsvilji getur kviknað og eflst á fullorðinsaldri, sé stuðningur veittur í menntakerfi, ráðgjöf og nærsamfélagi. Takmarkanir þessarar rannsóknar felast fyrst og fremst í því að tekin voru viðtöl við átta einstaklinga, og þar af sjö konur, sem búa flestir á höfuðborgarsvæðinu og endurspeglar niðurstöðurnar reynslu þessa afmarkaða hóps ungs fólks. Kanna þarf betur aðgengi þeirra sem búa á landsbyggðinni. Hér var aðeins talað við fólk sem komið er í nám innan framhaldsfræðslukerfisins og frumgreinadeilda. Því er hér ekki um allra viðkvæmasta hópinn að ræða, sem skilar sér ekki aftur í nám, heldur mögulega þann þrautseigista. Búast má við að nokkur hópur þeirra sem stjórnvöld hafa reynt að ná til með námsframboðum fullorðinsfræðslunnar hafi litlar upplýsingar um það sem þeim stendur til boða, hann sé ekki tilbúinn að afla sér þeirra, eða hafi gefist upp eftir að hafa mögulega upplifað höfnun. Með öðrum orðum, hann býr ekki yfir nægilegu frumkvæði eða fær ekki þann stuðning frá fjölskyldu og velferðarkerfi sem þarf til að yfirvinna hindranir. Meta þarf hversu stór þessi hópur er og átta sig á hvort og hvernig þær stofnana- og aðstæðubundnu hindranir sem hér komu fram standi í vegi fyrir menntun hans.

Brýnt er að öllum séu tryggð jöfn tækifæri til náms, óháð fjárhag og aldri, eins og fram kemur í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands (nr. 33/1944). Niðurstöðurnar veita innsýn í glímu fullorðinna námsmanna við þekktar stofnana- og aðstæðubundnar hindranir. Þær geta nýst stjórnvöldum við stefnumótun, sem og menntastofnunum, framhaldsskólum

og þeim sem sjá um framhaldsfræðslu. Þetta er mikilvægt til að betur gangi að ná þeim markmiðum að hækka menntunarstig þjóðarinnar fram eftir 21. öldinni. Það er í raun aðdáunarvert hversu mikla þrautseigju unga fólkíð sem rætt var við sýnir, þar sem það þarf að takast á við fjölmargar ytri hindranir á leið sinni til mennta, auk eigin viðhorfa.

ATHUGASEMD

Grein þessi er unnin upp úr meistaraþrófsritgerð Elínar Sifjar Welding Hákonardóttur í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Leiðbeinendur voru Sif Einarsdóttir og Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir. Bestu þakkir fær Hrafnhildur V. Kjartansdóttur fyrir góðan og gagnlegan yfirlestur á handriti, og náms- og starfsráðgjafar í aðfaranámi og verkefnastjórar á símenntunarmiðstöð fyrir aðstoð við að finna þátttakendur. Síðast en ekki síst þökkum við viðmælendum rannsóknarinnar fyrir þátttökuna, án þeirra hefði rannsóknin aldrei orðið að veruleika.

HEIMILDIR

- Alheit, P. og Dausien, B. (2002). The 'double face' of lifelong learning: Two analytical perspectives on a silent revolution. *Studies in the Education of Adults*, 34(1), 3–22. <http://dx.doi.org/10.1080/02660830.2002.11661458>
- Auður Jónsdóttir. (2012). „Allt menntað fólk vill hafa sinn titil“: *Reynsla starfsmanna í leikskólum af leikskólalíðanámi*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10526>
- Auður Sigurðardóttir. (2010). *Að stíga skrefið: Í nám á nýjan leik að loknu raunfærnimati*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/4382>
- Berg, B. L. (2009). *Qualitative research methods for the social sciences*. New York: Allyn and Bacon.
- Bourdieu, P. (1984). *Distinction: A social critique of the judgement of taste*. London: Routledge.
- Björk Erlendsdóttir. (2013). „Ég fór inn um einar dyr og allt í einu stóðu 100 dyr opnar“: *Reynsla nemenda af Háskólabrú*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/14932>
- Charmaz, K. (2014). *Constructing grounded theory: A practical guide through qualitative analysis* (2. útgáfa). London: SAGE.
- Creswell, J. W. (2013). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches* (3. útgáfa). Thousands Oaks: SAGE.
- Cross, K. P. (1981). *Adults as learners: Increasing participation and facilitating learning*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Esping-Andersen, G. (1990). *The three worlds of welfare capitalism*. New York: Polity Press.
- European Commission (EC). (2001). *Making a European area of lifelong learning a reality: Communication from the Commission*. Brussel: Höfundur

- Evans, K. (2007). Concepts of bounded agency in education, work, and the personal lives of young adults. *International Journal of Psychology*, 42(2), 85–93. <https://doi.org/10.1080/00207590600991237>
- Eydís Katla Guðmundsdóttir. (2012). *Þróun náms- og starfsferils þátttakenda í Grunnenntaskólanum*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/11370>
- Fejes, A. og Nylander, E. (2015). How pluralistic is the research field on adult education? Dominating bibliometrical trends, 2005–2012. *European Journal for Research on the Education and Learning of Adults*, 6(2), 103–123. <https://doi.org/10.3384/rela.2000-7426.rela9063>
- Fejes, A. og Salling-Olesen, H. (2010). Editorial: Envisioning future research on the education and learning of adults. *European Journal for Research on the Education and Learning of Adults*, 1(1–2), 7–16. <https://doi.org/10.3384/rela.2000-7426.relae1>
- Field, J. B., Merrill, B., West, L. (2012). Life history approaches to access and retention of nontraditional students in higher education: A cross-European approach. *European Journal for Research on the Education and Learning of Adults*, 3(1), 77–89. <https://doi.org/10.3384/rela.2000-7426.rela0062>
- Forsætisráðuneytið. (e.d.). *Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag: Þekking, sjálfbærni, velferð*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/island2020.pdf>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.). *Grunnenntaskólinn*. Sótt af <http://www.frae.is/media/64605/Grunnennta.pdf>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2009). *Grunnenntaskóli. Námskrá*. Sótt af http://www.frae.is/files/GrunnenntaskoliBlatt_1185853824.pdf
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2011). *Menntastöðir: Námskrá í tilraunakennslu*. Sótt af http://www.frae.is/files/Menntasto%C3%B0ir_122746757.pdf
- Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi. (e.d.). *Menntastöðir*. Sótt af <http://fraedslunet.is/index.php/namskeidh/allirflokarnamskeida/event/334-menntastodhir-660-stundir-440-klukkustundir>
- Gestur Guðmundsson. (2015). Vegferð til fullorðinsaldurs: Alþjóðlegar fræðahefðir og erindi þeirra við íslenskar rannsóknir. *Uppeldi og menntun*, 24(2), 9–32.
- Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir. (2013). Brotthvarf og endurkoma fullorðinna í nám á framhaldsskólastigi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 10(1), 44–64.
- Guðrún Jóna Magnúsdóttir. (2012). „Þetta var fyrsta og stærsta skrefið“: Þróun náms- og starfsferils fullorðinna sem hefja nám að nýju. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/12875>
- Halla Valgeirsdóttir. (2011). „Það verður einhver galdur“: Þátttaka í fullorðinsfræðslu. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/7723>
- Háskólabrú. (e.d.-a). *Námshjöld á Háskólabrú*. Sótt af <http://www.keilir.net/haskolabru/um-haskolabru/namsgjold-haskolabru>
- Háskólabrú. (e.d.-b). *Um Háskólabrú Keilis*. Sótt af <http://www.keilir.net/haskolabru/nam/um-haskolabru>

- Háskólabrú. (e.d.-c). *Umsókn um nám í Háskólabrú*. Sótt af <http://www.keilir.net/haskolabru/nam/umsokn-um-nam>
- Háskólinn á Bifröst. (e.d.-a). *Aðgangsviðmið*. Sótt af <http://www.bifrost.is/namid/haskolagatt/adgangsviðmið/>
- Háskólinn á Bifröst. (e.d.-b). *Háskólagátt*. Sótt af <http://www.bifrost.is/namid/haskolagatt>
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d.-a). *Framvindureglur*. Sótt af <http://www.ru.is/frumgreina/nam/framvindureglur/>
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d.-b). *Frumgreinar: Undirbúningur fyrir háskólanám*. Sótt af <http://www.ru.is/frumgreinanam/stadarnam/>
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d.-c). *Skólagjöld skólaárið 2017–2018*. Sótt af https://www.ru.is/media/hr/skjol/HR_Skolagjold_Frumgreinar_2017-2018.pdf
- Heinz, W. R. (2009). Youth transitions in an age of uncertainty. Í A. Furlong (ritstjóri) *Handbook of youth and young adulthood: New perspectives and agendas* (bls. 3–13). London: Routledge.
- Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava Guðrún Sigurðardóttir. (2010). Hvers vegna koma þau ekki? Þátttaka fólks með stutta formlega skólagöngu. *Gátt*, (1), 6–19.
- Inga Guðrún Kristjánsdóttir. (2012). *Nám er vinnandi vegur: Átaksverkefni, eftirfylgni, árangur og helstu lærdómar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson. (2004). Gildi menntunar í lífi fullorðins fólks. *Tímarit um menntaransóknir*, 1, 129–143.
- Jón Torfi Jónasson. (2013). Fortíð og framtíð í fullorðinsfræðslu. *Gátt*, (1), 7–14.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (1999). *Símenntun á Íslandi: Yfirlit yfir nám fólks á aldrinum 18–75 ára og athugun byggð á námskeiðasókn vorið 1998*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001a). *Símenntun í atvinnulífinu: Athugun á þátttöku fólks á aldrinum 18–75 ára í starfsnámi utan skólakerfisins og afstaða stjórnenda og starfsfólks til slíks náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001b). *Símenntun í ljósi fyrri skólagöngu: Með sérstakri umfjöllun um þá sem ekki sækja námskeið*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Landsmennt. (e.d.). *Starfsreglur Landsmenntar um einstaklingsstyrki*. Sótt af <http://www.landsmennt.is/landsmennt/styrkir-til-einstaklinga/>
- Lánasjóður íslenskra námsmanna. (e.d.-a). *Skólagjaldalán*. Sótt af <http://www.lin.is/lin/Namsmenn/skolagjaldalan.html>
- Lánasjóður íslenskra námsmanna. (e.d.-b). *Úthlutunarreglur 2015–2016*. Sótt af https://www.lin.is/lin/UmLIN/Log_og_reglur/uthlutunarreglur.html
- Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.
- Lög um framhaldsskóla nr. 57/1988.
- Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008.

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010). *Mótun stefnu um nám alla ævi: Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Skýrsla verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu*. Reykjavík: Höfundur.
- Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. (e.d.). *Menntastoðir staðnám 1*. Sótt af <http://www.mss.is/namsbrautir/nam/mennt-s1/2407>
- Mímir símenntun. (e.d.-a). *Grunnmenntaskólinn*. Sótt af <http://www.mimir.is/lengri-namsleidir/grunnmenntaskolinn/>
- Mímir símenntun. (e.d.-b). *Menntastoðir*. Sótt af <http://www.mimir.is/lengri-namsleidir/menntastodir/>
- Nussbaum, M. (2002). Capabilities and social justice. *International Studies Review*, 4(2), 123–135.
- OECD. (2015). *Education at a Glance 2015: OECD indicators*. París: Höfundur.
- Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir. (2008). *Annað tækifæri – í nám að nýju: Reynsla og líðan fullorðinna kvenna með litla formlega menntun sem hefja nám að nýju*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Reglugerð um breyting á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 1150/2008.
- Reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun nr. 279/1997.
- Reglugerð um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla nr. 614/2009.
- Reglugerð um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúræði nr. 1223/2015.
- Ríkismennt. (e.d.). *Úthlutunarreglur Starfs- og símenntunardeildar Ríkismenntar SGS: Almenn um skilyrði fyrir umsókn vegna einstaklingsstyrkja*. Sótt af <http://www.landsmennt.is/rikismennt/styrkir-til-einstaklinga/>
- Rubenson, K. og Desjardins, R. (2009). The impact of welfare state regimes on barriers to participation in adult education: A bounded agency model. *Adult Education Quarterly*, 59(3), 187–207. <https://doi.org/10.1177/0741713609331548>
- Rubenson, K. og Elfert, M. (2015). Adult education research: Exploring an increasingly fragmented map. *European Journal for Research on the Education and Learning of Adults*, 6(2), 125–138. <https://doi.org/10.3384/rela.2000-7426.rela9066>
- Sen, A. (2002). *Rationality and Freedom*. Cambridge: Belknap Press.
- Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Steingerður Ólafsdóttir og Kristín Erla Harðardóttir. (2014). *Viðhorf til þátttöku í námi á fullorðinsárum: Niðurstöður úr rýnihópum*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Menntavísindastofnun.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 11–23.
- Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. (e.d.). *Grunnmenntaskólinn*. Sótt af <http://www.simey.is/is/namskeid/namskeid-i-bodi/grunnmenntaskolinn-48823>
- Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. (2016). *Námsleiðir framhaldsfræðslunnar*. Sótt af <http://www.simey.is/static/files/namskra-vor-2016.pdf>
- Sjómennt. (e.d.). *Starfsreglur Sjómenntar – einstaklingsstyrkir*. Sótt af <http://www.landsmennt.is/sjomennt/styrkir-til-einstaklinga/>
- Starfsafl. (e.d.). *Styrkir til einstaklinga*. Sótt af <http://www.starfsafl.is/styrkir-til-einstaklinga/>

- Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks. (2014). *Starfsreglur starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks*. Sótt af <http://www.starfsmennt.is/is/starfsreglur-1>
- Stefán Stefánsson. (2011). Þróun framhaldsfræðslu. *Gátt*, (1), 6–8.
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
- Svava Guðrún Sigurðardóttir. (2011). *Eins hindrun er annars hvati: Ástæður fyrir brott- hvarfi og endurkomu kvenna til náms*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Mennta- vísindasvið. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10312>
- Sveitamennt. (e.d.). *Reglur um úthlutun úr einstaklingsdeild Sveitamenntar SGS og Launa- nefndar sveitarfélaga*. Sótt af <http://www.vlfs.is/fraedslusjodur/sveitamennt/>
- Vinnumálastofnun. (e.d.). *Námsstyrkir*. Sótt af <https://www.vinnumalastofnun.is/radgjof-og-thjonusta/starfsthjalfunar-og-namstaekifaeri/namstaekifaeri/namsstyrkir>
- Vinnumálastofnun. (2013). *Fyrrum atvinnuleitendur nóvember – desember 2013*. Reykja- vík: Vinnumálastofnun.
- Walther, A. (2006). Regimes of youth transition: Choice, flexibility and security in young people's experiences across different European contexts. *Young: Nordic Journal of Youth Research*, 14(2), 119–139. <https://doi.org/10.1177/1103308806062737>
- Þingskjal nr. 1/2014–2015. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/144/s/pdf/0001.pdf>
- Þóra Ásgeirsdóttir (2009). „Ég var bara tossi“: Niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir þátttakendur í les- og skrifblindunámi á vegum símenntunarmiðstöðva. *Gátt*, 1(1), 64–67.

Greinin barst tímaritinu 26. nóvember 2016 og var samþykkt til birtingar 7. nóvember 2017

UM HÖFUNDANA

Elín Sif Welding Hákonardóttir (elinsifw@gmail.com) lauk BA-prófi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands 2014 og MA-prófi í náms- og starfsráðgjöf frá sama skóla 2016. Hún var í vettvangsnámi á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og að námi loknu starfaði hún á Greiðslustofu Vinnumálastofnunar. Hún starfar nú sem verkstjóri í fangelsinu á Hólmsheiði.

Sif Einarsdóttir (sif@hi.is) er prófessor við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf á Félags- vísindasviði Háskóla Íslands. Hún er með doktorsgráðu í ráðgefandi sálfræði frá University of Illinois, Champaign – Urbana. Hún hefur stundað rannsóknir á starfsáhuga fyrst og fremst en einnig á náms- og starfsferli ólíkra samfélagshópa.

Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir (gigja@frae.is) starfar sem sérfræðingur hjá Fræðslu- miðstöð atvinnulífsins. Hún lauk MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands 2006 og diplóma í sömu grein frá Háskólanum í Þrándheimi í Noregi 1991. Hún hefur rannsakaði einelti meðal framhaldsskólanema og hefur verið leiðbeinandi í MA-rann- sóknum sem tengjast ráðgjöf til fullorðinna námsmanna.

Gestur Guðmundsson (gesturgu@hi.is) er prófessor í félagsfræði menntunar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann er með doktorsgráðu frá Kaupmannahafnarháskóla 1991, hefur starfað sem lektor við Danmarks Pædagogiske Universitet og sem prófessor við Syddansk Universitet, en hefur verið prófessor við Kennaraháskóla Íslands og síðar Menntavísindasvið Háskóla Íslands síðan 2005. Hann hefur einkum fengist við rannsóknir á menningu og menntun ungmenna.

Access to adult education: Institutional and situational barriers that impact adult students seeking upper secondary education

ABSTRACT

Since 2010 one of the main aims of Icelandic educational policy has been to lower the proportion of people who have not completed formal qualifications beyond compulsory education from 31% in 2008 to 10% in 2020 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Legislation on continuing education (lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010), has been enacted and legal changes made in the formal education system, directing adults toward enrolling in the continuing education system (lög um framhaldsskóla, 92/2008). Research has shown that adult learners seeking education at life long learning centres and preparatory programmes at higher education institutions are content with and successful in their studies (Björk Erlendsdóttir, 2013; Eydís Katla Guðmundsdóttir, 2012; Gestur Guðmundsson & Hulda Karen Ólafsdóttir; Halla Valgeirsdóttir, 2011), but progress is slow towards the policy aim for 2020. In 2015, 27% of the adult population had only completed compulsory education.

Most notably, young adults do not seem to use opportunities created within the adult education system to finish upper secondary education (OECD, 2015). It is important for policy makers and educational institutions to gain a better understanding of why adults do not seek programmes leading to educational qualifications as expected. In this study we, therefore, explored the institutional and situational barriers (Cross, 1981) that young adults, in particular, face when seeking an upper secondary qualification in the various educational landscapes created by recent policies, laws and institutional practices in Iceland (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). We also applied the concept of bounded agency (e.g., Evans, 2007) to examine the interplay of structures and individuals in the choices of young people and their efforts to overcome barriers. A comparative cross-national study shows that adults in Europe face similar barriers on their road to education, but that a greater proportion of the people are able to overcome them in the Nordic welfare societies (Rubenson & Desjardins, 2009). The study is also conducted within the broader framework of extended transition to adulthood (Gestur Guðmundsson, 2015; Heinz 2009) and thus the possibility of taking advantage of more diverse educational trajectories.

We conducted in-depth interviews with eight people aged 25-30, seven women and one man, participating in adult education programmes in continuing education centres or at higher education institutions. The interviews focused on the interviewees' perceived access to upper secondary education. Three main themes emerged; *difficult access*, *financial burdens* and *role conflicts*. In general, they found information about educational opportunities hard to find. Some participants experienced feelings of rejection after being turned away from a formal upper secondary school without information about alternative options. The locations and organization of adult education programmes in continuing education centres and higher education preparatory programmes were not always suitable for people needing both support and flexibility in their studies. They faced direct costs in terms of tuition fees, they often found it hard to acquire information about financial support offered by their unions and the unemployment benefit system, and they were reluctant to apply for student loans. The burden of providing for their families weighed on them heavily and was prioritized in their lives. These factors resulted in a complex and difficult integration of multiple life roles as students, parents and providers, making their life stressful and setting up barriers to opting for further educational opportunities. In spite of these difficulties, the young adults were resilient and resourceful in finding means to overcome them.

It is clear that adult students face many institutional and situational barriers on their road to upper secondary education under the newly formed lifelong educational policies in Iceland. Although the adult education systems provide multiple educational programmes specially designed for people who have a history of less than optimal experience in the formal education system, a large part of this target group do not avail themselves of these options. This study illuminates how difficult it is for young adults to move through landscapes created by the current laws and practices. To attract students, the formal education system and adult education institutions need to better inform the public of educational opportunities and to work together in improving the reception and guidance of adult students entering the system. The burden of cost and limited resources for financial support is the largest barrier created both by institutional practice (laws) and these economic circumstances need careful consideration by policymakers. The educational institutions may need to re-evaluate the locations and organization of programmes offered by continuing education centres and higher education institutions in particular. The generalizability of the results of our study is limited in that we only interviewed eight young adults, the majority women, and all living in the capital area. However, this study provides good insight into barriers and their complex interplay in the lives of young adult students.

Keywords: lifelong learning, adult education, educational barriers, bounded agency

ABOUT THE AUTHORS

Elin Sif Welding Hakonardottir (elinsifw@gmail.com) completed a BA-degree in social work in 2014 and an MA-degree in career guidance and counseling from the University of Iceland in 2016. She did her internship at a municipal service center, has worked in an employment office and is currently employed at the Icelandic correctional center.

Sif Einarsdottir (sif@hi.is) is a professor in the School of Social Sciences at the University of Iceland. She is a graduate from the Counseling Psychology program at the University of Illinois, Champaign – Urbana. Her research has mainly focused on vocational interests, assessment and the career development of different social groups

Arnheidur Gigja Gudmundsdottir (gigja@frae.is) is a specialist at the Education and Training Services Center. She is a diploma graduate in Career counseling and guidance from the University of Trondheim in Norway and completed an MA-degree in the same discipline in 2006 from the University of Iceland. She has conducted research about bullying among youth and has supervised students writing MA theses on adult education.

Gestur Gudmundsson (gesturgu@hi.is) is professor in Sociology of Education at the School of Education, University of Iceland. He holds a PhD in Sociology from 1991, has been associate professor at the Danish University of Education and professor at the University of Southern Denmark. Since 2005 he has been professor at the University of Education in Iceland, later School of Education in the University of Iceland. His main research fields are youth culture and young people's transition to adulthood.